

## AUGLÝSING

### um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

#### 1. gr.

Skýlt er að hafa gjaldmæli, sem sýni rétt ökugjald, í öllum leigubifreiðum allt að 8 farþega, svo og sendibifreiðum, er aka gegn borgun, á þeim stöðum þar sem í gildi eru reglugerðir um takmörkun þeirra og útgáfu atvinnuleyfa eða ákvæði um akstur frá viðurkenndri afgreiðslustöð.

Ofanritað á einnig við um slíkar bifreiðar á öðrum stöðum en greinir í 1. mgr., enda njóti eigendur þeirra ívilnana í tolli, samkvæmt reglum settum með stöð í 41. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., studdri sérstökum meðmælum viðkomandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota skuli gjaldmæla af rafeindagerð framleidda af Haldex AB í Svíþjóð, Öryrkjabandalagi Íslands og Novax á Nýja Sjálandi.

#### 2. gr.

Ráðuneytið skipar löggildingarmenn gjaldmæla, sem annast löggildingarstörf samkvæmt gildandi reglugerð um slíka mæla og fást upplýsingar um þá í ráðuneytinu.

#### 3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í reglugerð nr. 136/1986 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt afturkallast auglýsing ráðuneytisins nr. 235 15. apríl 1980 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1986.*

F. h. r.

**Halldór S. Kristjánsson.**

*Sigurður Skúli Bergsson.*

## REGLUR

### um skipsbækur.

#### 1. gr.

Öll skip skulu halda leiðarbók, nema fiskiskip og skip, sem vinna að sérstökum og staðbundnum verkefnum, svo sem sanddæluskip og dýpkunarskip. Þau skip, sem eigi er skýlt að halda leiðarbók samkvæmt framansögðu, skulu halda dagbók, séu þau tólf rúmlestir og stærri.

Öll skip, sem skýlt er að halda leiðarbók eða dagbók, skulu auk þess halda vélarbók.

Um fjarskiptabækur fer eftir ákvæðum í reglum um radióbúnað og fjarskipti á skipum nr. 813/1981 ásamt öðrum þeim sérákvæðum, sem sett kunna að verða um það efni.

#### 2. gr.

Gerð skipsbóka skal viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins, sem fylgist með því að skipsbækur séu fánlegar.

## 3. gr.

Löggilding skipsbóka fer fram hjá embættum lögreglustjóra utan Reykjavíkur, hjá embætti tollstjórans í Reykjavík eða hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

Færslu í bækurnar skal ávallt hagað í samræmi við leiðbeiningar þær eða skýrsluform sem prentuð eru í bækurnar.

Siglingamálastofnun ríkisins getur heimilað að auk færslu í tiltekna bækur með venjulegum hætti sé notast við sjálfrita.

## 4. gr.

Skipstjóri hefur yfirumsjón með færslu skipsbóka og ábyrgist þær, en viðkomandi yfirmenn annast færslur og ábyrgjast, að rétt sé skráð. Sama gildir um sjálfrita, eftir því sem við getur átt.

Skipstjóri skal sjá um, að í skipsbækur sé skráð af nákvæmni allt er máli skiptir á viðkomandi sviði, og að opinberum leiðbeiningum eða skýrsluformum sé fylgt. Hann skal eigi sjaldnar en á mánaðar fresti kanna aðrar skipsbækur og ritar hann í bækurnar, að skoðun hafi farið fram.

## 5. gr.

Skrá skal allt í skipsbækur eftir rétttri tímaröð, í höfn eftir hvern sólarhring, en á sjó eftir hverja vakt eða dagtímabil eftir því sem við á. Skrá má fyrst í bráðabirgðabók það sem gerist á hverri vakt, en síðan skal færa það í viðkomandi skipsbók, áður en sólarhringur er á enda, og það staðfest með undirritun viðkomandi vakthafandi yfirmanns.

Færslur í skipsbækur skulu vera glöggar og skipulegar. Ekki má skafa það af sem skrifað var, draga yfir það eða gera með öðru móti ólæsilegt. Gerist leiðréttingar þörf, skal henni bætt við sem athugasgrein.

## 6. gr.

Skrá skal í leiðarabók ítarlega allt það, er við ber á ferð skipsins, og annað, er útgerðarmanni, eigendum farms, váttryggjendum eða öðrum þeim, er ferðin snertir hagsmunalega, er gagn að vita.

Í leiðarabók skal m. a. getið um eftirtalin atriði:

- 1) Hvenær starfstími skipverja hefst og endar.
- 2) Um vistir og vatn, sem tekið er.
- 3) Hvenær ferming skips og afferming hófst, var frestað og hvenær þeim lauk.
- 4) Hvað fermt er og affermt hvern dag.
- 5) Um kjölfestu, ef breytt er, — minnkuð eða aukin, — um þunga hennar og hversu um hana var búið.
- 6) Hvort aðrir unnu en skipverjar.
- 7) Um djúpristu skipsins á skut og stafni og ásigkomulag þess að öðru leyti, er það lét úr höfn.
- 8) Hverju skipið er fermt og um ásigkomulag farmsins.
- 9) Um farm á þilfari, ef við á, hvernig um hann er búið, og um fjölda gáma á þilfari, ef um það er að ræða.
- 10) Um áttavita (segul og gíró) og skekkju á þeim.
- 11) Hvenær skipið lætur út, kemur til hafnar eða flytur sig þar.
- 12) Um vind, veðurfar, skyggni, ísingu og ísrek, ef um það er að ræða, og stöðu loftvogar.
- 13) Um strauma, stefnu (stýrða og siglda og drift, ef hún er), hraða skipsins (sigldan hraða) og hver vegalengd var farin.
- 14) Hvaða siglingaljós voru höfð og hvenær tendruð eða slökkt.

- 15) Um sjávardýpi, miðun og staðarákvarðanir (bæði eftir athugunum og leiðarreikningi). Færa skal athugaðan eða ágískaðan stað skipsins við lok hverrar vaktar.
- 16) Hvenær hafnsögumaður kom á skip og fór af skipi.
- 17) Um dælingu, ef dælt er.
- 18) Um bruna- og björgunaræfingar.
- 19) Um útvörð, ef settur er, og um sérstakar eftirlitsferðir, sem farnar eru um skipið vegna eldhættu o. þ. h.
- 20) Um notkun dýptarmælis, ratsjár, sjálfstýringar og annarra siglinga- og staðsetningar-tækja. Sérstaklega skal skráð, ef tæki þessi eru óvirk.
- 21) Leiðarreikning skal bóka hvern sólarhring.

Sérstaklega ber að skrá í leiðarbók nákvæmar skýrslur um hvert það slys eða tjón, sem verða kann á skipi, mönnum eða farmi, og þess getið hvað því olli, hversu það bar að og hvernig brugðist var við. Í stað ítarlegrar skýrslu um slys á mönnum er heimilt að vísa til tilkynningar um slys, sbr. 221. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

#### 7. gr.

Í dagbók skal skrá greinilega frásögn um ferð skipsins. Skal m. a., auk veðurs, skýrt frá öllu því, er verulega þýðingu hefur fyrir ferð skipsins og öryggi þess eða manna, sem á því eru, eða sem á einn eða annan hátt getur snert hagsmunum útgerðarmanns, eigenda farms eða vátryggjendur.

Sérstaklega skal skrá nákvæmlega um hvert það slys eða tjón, sem verða kann á skipi, mönnum, farmi eða veiðarfærum, og þess getið, hvað því olli, hversu það bar að og hvernig brugðist var við. Í stað ítarlegrar skýrslu um slys á mönnum er heimilt að vísa til tilkynningar um slys, sbr. 221. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Sé skipið við fiskveiðar, skal ennfreður greina daglega frá öllu því markverðasta, er snertir veiðarnar, svo sem hvenær veiðar hefjast og þeim lýkur, hvaða veiðarfæri notuð voru, hvar skipið fiskar og hvernig aflast, um dýpi, botnlag o. s. frv.

Halda skal leiðarreikning, hvenær sem þörf krefur.

Gera má kröfur um ítarlegri færslu dagbóka á stórum skipum en á smáum.

#### 8. gr.

Í vélarbók skal m. a. greint frá eldsneytisforða skips og öðrum vélarnauðsynjum, er skip lét úr höfn, eyðslu á eldsneyti hvern sólarhring og um allt annað, er vélar skipsins snertir, gang þeirra og gæslu.

Sérstaklega skal skrá upplýsingar um eftirlit, viðhald og ástand véla, öryggisbúnaðar, eldvarnartækja og fjarskiptabúnaðar innan skips.

#### 9. gr.

Þegar skipsbók er skrifuð til enda eða verður ekki notuð vegna annarra atvika, fær skipstjóri nýja bók og lætur löggilda hana. Skal þá geta þess í gömlu bókinni, að ný bók hafi verið löggilt og hvenær það var gert. Nú verður ekki náð til hinnar gömlu bókar, og skal þess þá getið í hinni nýju og sagt, hvað til þess bar. Við þess háttar bókaskipti ber þeim, sem löggildingu skipsbóka annast, að rannsaka, hvort vel og skipulega var bókað í eldri bók og sjá til þess, að skipstjóri sæti lögsókn, ef svo er eigi. Geta skal í skipsbók, hvenær hún var færð til rannsóknar og um þá rannsókn, er fram fór.

Um fjarskiptabækur fer eftir hinum sérstöku reglum, er um þær gilda.

## 10. gr.

Fullnotaðar skipsbækur skulu varðveittar eigi skemur en í þrjú ár frá því síðast var fært í þær. Sé áður höfðað mál, sem tengist ferðum skipsins, sem viðkomandi bók varðar, skal hún geymd þar til fullnaðarlausn hefur fengist í því máli. Sama gildir um bráðabirgðabækur og einnig um varðveislu færslna sjálfrita í skipi varðandi siglingu skips o. þ. h.

Áður en skipsbók er fleygt eða hún eyðilögð, skal haft samráð við Þjóðskjalasafn Íslands eða viðkomandi héraðsskjalasafn eða byggðasafn (sjóminjasafn).

## 11. gr.

Hver, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur krafist þess að fá að kynna sér efni skipsbóka, eftir því sem við verður komið, og að fá endurrit úr þeim, ef honum ber nauðsyn til þess. Þetta á þó ekki við, hafi skip rekist á erlent skip og ekki er á samsvarandi hátt gefinn aðgangur að bókum þess skips, nema samgönguráðuneytið mæli fyrir á annan veg.

## 12. gr.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt 234. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

## 13. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 9. gr. siglingalaga nr. 34, 19. júní 1985, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 4. mars 1986.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**REGLUGERÐ****um grásleppuveiðar.**

## 1. gr.

Óheimilt er að stunda grásleppuveiðar á bátum stærri en 12 brúttólestir. Þó er heimilt að stunda grásleppuveiðar á bátum stærri en 12 brl. hafi þeir stundað slíkar veiðar á næstu vertíð á undan og skilað skýrslum til Fiskifélags Íslands um þær.

## 2. gr.

Óheimilt er að nota til aðstoðar við grásleppuveiðar bát stærri en 12 brúttórúmllestir t. d. til flutnings á afla eða til þess að flytja báta.

## 3. gr.

Grásleppuveiðar báta eru bundnar við eitt eftirgreindra veiðisvæða:

A: Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi.

B: Í Breiðafirði frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.